

## Skólamenningaráætlun ÖLL SEM EITT

Fjallar um það hvernig má efla jákvæða og góða skólamenningu sem er einkennandi fyrir **LÆRDÓMSSAMFÉLAG**

þar sem **VIRÐING, LÝÐRÆÐI, FJÖLBREYTTIR KENNSLUHÆTTIR, LÍFSLEIKNI**, jákvæð **SAMSKIPTI** og **SAMVINNA** allra aðila skólasamfélagsins eru í fyrirrúmi.

Meginmarkmið ÖSE er að skapa **JÁKVÆÐA SKÓLAMENNINGU** og **LÍÐSHEILD**

þar sem einelti þrífst ekki, allir aðilar eru mikilvægur hluti af hópum, eiga sér **HLUTVERK** og **TILGANG**.

Mikilvægt að tala alltaf vel um skólann og starfsmenn hans í viðurvist barnanna

# VELKOMIN Í ÁLFHÓLSSKÓLA



## - MENNTUN -

Skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni.

## - SJÁLFASTÆÐI -

Sjálfstæðir nemendur sem sýna frumkvæði, ábyrgð og setja sér raunhæf markmið.

## - ÁNÆGJA -

Skólabragur sem einkennist af ánægju, leik og vellíðan.

**ALLIR nemendur eiga að lesa upphátt heima fimm daga vikunnar í a.m.k. 15 mínútur**

## MENTOR

Á Mentor ber foreldrum og nemendum að fylgjast með ástundun, heimanámi, námsmati, áætlunum o.fl.

## SKÓLAREGLUR

Við sýnum hvert öðru virðingu.

Við erum stundvís.

Við göngum vel um.

Við erum ekki á faratækjum á skólalóðinni.

Nemendur yfirgefa ekki skólalóðina án leyfis.

Skólinn tekur ekki ábyrgð á verðmætum.

Notkun snjalltækja er í samráði við kennara.

Við komum með holla og góða fæðu í skólann nema við sérstök tilefni.

Í **ÁLFHÓLSSKÓLA** eru nemendur í 1.-10.bekk.

Í skólanum er námsver og sérdeild einhverfra nemenda.

Skólinn er starfræktur í tveimur húsum. 1.-4. bekkur er í **DIGRANESI** Álfhólsvegi 100 og 5.-10. bekkur í **HJALLA** Álfhólsvegi 120.

Íþróttir eru kenndar í Íþróttahúsinu Digranesi en sund í Sundlaug Kópavogs.

Í skólanum starfa um 130 starfsmenn með um 630 nemendum.

Nánari upplýsingar um stefnu og áætlanir skólans má finna á heimasíðu: [www.alfholsskoli.is](http://www.alfholsskoli.is)

## Hlutverk NEMENDA:

- Bera ábyrgð á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska.
- Virða skóla- og samskiptareglur og hlíta fyrirmælum starfsfólks.
- Bera ábyrgð á eigin námi.
- Vanda orð sín og athafnir.
- Fylgjast með á Mentor, sinna heimalestri og heimanámi.

## Hlutverk FORELDRA:

- Fylgjast með líðan barna sinna og upplýsa starfsmenn eftir þörfum.
- Virða verklagsreglur skólans.
- Bera ábyrgð á uppeldi barna sinna.
- Gæta hagsmuna barna sinna og stuðla að því að þau stundi nám sitt og fylgi skólareglum.
- Fylgjast með á Mentor, sinna heimalestri og fylgjast með heimnámi.

## Hlutverk SKÓLANS:

- Vera fyrirmynd í verki í samskiptum og framkomu.
- Efla jákvæðan skólabrag.
- Gefa nemendum tækifæri til lýðræðis.
- Miðla upplýsingum til foreldra.
- Leggja áherslu á fjölbreytta kennslu og einstaklingsmiðað nám.

Álfhólsskóli er **HEILSUEFLANDI** grunnskóli og áhersla lögð á að nemendur komi með hollt og gott nesti, grænmeti og/eða ávöxt og vatn. Hafragrautur er í boði skólans frá kl. 7:50 til 8:05. Heitur hádegismatur er matreiddur í skólanum.

Álfhólsskóli er **GRÆNFÁNA** skóli, nemendur fara aftur heim með umbúðir og eru hvattir til að vera með fjölnota brúsa undir vatn.

Fylgstu með okkur á Facebook

<https://www.facebook.com/alfholsskoli/>